

Titill Erum við að færast í rétta átt? Upplifun lyfjafræðinema á kennsluháttum og lotukennslu við Háskóla Íslands.

Berglind Eva Benediktsdóttir, dósent við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands, bergline@hi.is
Elvar Örn Viktorsson, lektor við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands, eov@hi.is

Lykilorð —Leiðsagnar-og lokamat, Lotukennsla

I. INNGANGUR

Síðustu ár hafa orðið töluverðar breytingar á kennsluumhverfi Lyfjafræðideildar Háskóla Íslands, meðal annars með aukinni áherslu á leiðsagnarmat og dreift lokamat yfir önnina í stað stórra lokaprófa, auk meiri áherslu á lotukennslu. Jafnframt hefur lyfjafræðigeirinn sjálfur tekið miklum breytingum síðustu ár sem endurspeglast í breytingum sem munu verða á inntaki lyfjafræðinámsins til starfsréttinda samkvæmt nýrri Evróputilskipun. Því var mikilvægt að kanna hvort að núverandi umhverfi náms og kennslu við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands mæti þörfum lyfjafræðinema sem hluti af endurskipulagnarferli námsins.

II. AÐFERÐ

Notuð var blönduð rannsókn með könnunarraðsniði. Rýnihópaviðtöl voru tekin við nemendur í grunn-og framhaldsnámi í lyfjafræði (n=5 og n=4). Svör og ummæli nemenda voru umrituð og þemagreind. Í framhaldi var lagður fyrir spurningalisti til allra nemenda í lyfjafræðinámi, með spurningum sem voru að hluta til þróaðar út frá niðurstöðum rýnihópaviðtöla. Listinn kannaði einnig eiginleika náms og kennslu (TLE), námsfyrirkomulag og lotukennslu. Siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir gerði ekki athugasemdir við spurningalistann. Þátttaka var valfrjáls. Alls tóku 31 nemandi þátt í könnuninni (26.3% svarhlutfall), 10 karlar og 21 konur. Meirihluti þátttakenda voru skráðir í grunnám (87.9%) og 78.8% þátttakenda skráðir í fullt nám.

III. NIÐURSTÖÐUR

Í viðtölum voru nemendur sammála því að þeir kysu frekar leiðsagnar-og lokamat sem væri dreift yfir önnina í stað lokaprófs, þar sem ekki væri eins mikið undir í hverju námsmati þótt það gæti þýtt meira álag á önninni. Þó sögðust einungis 41.9% svarenda í könnuninni ná að klára þau verkefni og aðrar kröfur sem væru settar í námskeiðunum án þess að upplifa streitu. Svipuð niðurstaða kom fram í megindelega hlutanum, þar sem nemendur töldu að námskeið sem væri með nokkur hlutapróf í stað lokaprófs væri ákjósanlegast. Nemendur voru almennt ánægðir með aðgengi að fyrirlestraupptökum í báðum þáttum rannsóknarinnar enda veittu þær meiri sveigjanleika í náminu. Varðandi upplifun nemenda af kennsluumhverfinu voru 74.2% nemenda sammála því að kröfurnar í einstaka námskeiðum væru sanngjarnar og 67.7% nemenda töldu að kennarar notuðu fjölbreyttar kennsluaðferðir. Nemendur í báðum hlutum rannsóknarinnar voru sammála um að lotukennsla hentaði þeim vel þar sem hún hjálpaði þeim að ná betur samhengi námskeiðsins (83% svarenda í könnuninni). Einnig voru 78% sammála því að þau myndu námsefnið betur þegar námskeið væru kennd í lotu. Í rýnihópaviðtölum kom jafnframt fram að tímalengd og stærð námskeiðis (ECTS) skipti máli og 86% nemenda sögðust leggja meiri áherslu á námskeið kennd í lotu á meðan önnur námskeið kennd samhliða væru lögð til hliðar á meðan.

IV. UMRÆÐUR

Þrátt fyrir takmarkaðan fjölda þátttakenda gefur rannsóknin raunhæfa mynd af stöðu kennslu- og námsumhverfis við Lyfjafræðideild. Nemendur í

lyfjafræði sjá tækifæri í fjölbreyttu námsmati enda getur slík nálgun hjálpað þeim að flytja námsefni úr skammtímaminni í langtímaminni (Roediger & Karpicke, 2006). Tíð verkefnavinna og námsmat hafa í fyrri rannsóknum reynst þungbær fyrir nemendur (Parkinson et al., 2006) og svipuð tilhneiging virðist vera meðal lyfjafræðinemenda. Hins vegar má nefna að hóflegt magn álags og streitu getur aukið minnisgetu, upp að ákveðnu marki (Ganem et al., 2022; Yerkes & Dodson, 1908) Hvað varðar lotukennslu voru niðurstöður rannsóknar í takti við úttekt Davies sem bar saman árangur nemenda í hröðuðu námi miðað við hefðbundið nám yfir heila önn, lotukennsla hafði ekki neikvæð áhrif á árangur nemenda (Davies, 2006).

Námsmat sem leggur áherslu á skilning frekar en einfalt minni og kennsla sem stuðlar að virkri þátttöku nemenda, eru lykilþættir í því að skapa jákvætt námsumhverfi (Kember, 2004). Þessi atriði voru áberandi í niðurstöðum rannsóknarinnar og benda til þess að núverandi nálgun á námsmat, skipulag kennslu og kennsluaðferðir séu vel til þess fallnar að styðja lyfjafræðinemendur í námi sínu. Niðurstöðurnar veita þannig sterkan grunn fyrir fyrirhugaða endurskipulagningu lyfjafræðinámsins.

TILVÍSANIR

- Davies, M. W. (2006). Intensive teaching formats: A review. *Issues In Educational Research*, 16. <https://iier.org.au/iier16/davies.html>
- Ganem, S., Ballane, B., Herman, Y., Gofur, E., Hamam, O., Thompson, K., Meshekow, J., & Gerard, P. (2022). The #Yerkes-Dodson# Law and Stress, Anxiety and Performance in Nuclear Medicine. *Journal of Nuclear Medicine*, 63(supplement 2), 2737. http://jnm.snmjournals.org/content/63/supplement_2/2737.abstract
- Kember, D. (2004). Interpreting student workload and the factors which shape students' perceptions of their workload. *Studies in Higher Education*, 29(2), 165-184. <https://doi.org/10.1080/0307507042000190778>
- Parkinson, T. J., Gilling, M., & Suddaby, G. T. (2006). Workload, study methods, and motivation of students within a BVSc program. *J Vet Med Educ*, 33(2), 253-265. <https://doi.org/10.3138/jvme.33.2.253>
- Roediger, H. L., 3rd, & Karpicke, J. D. (2006). The Power of Testing Memory: Basic Research and Implications for Educational Practice. *Perspect Psychol Sci*, 1(3), 181-210. <https://doi.org/10.1111/j.1745-6916.2006.00012.x>
- Yerkes, R. M., & Dodson, J. D. (1908). The relation of strength of stimulus to rapidity of habit-formation. *Journal of Comparative Neurology and Psychology*, 18(5), 459-482. <https://doi.org/https://doi.org/10.1002/cne.920180503>